

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 2. september 2016 breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sem samþykkt var í borgarráði 18. ágúst 2016.

Breytingin nær til jarðhæða við götuhliðar Hverfisgötu 4-62 og Laugavegar við Hlemm, milli Snorrabrautar og Rauðarárstígs. Með breytingunni lækkar lágmarkshlutfall smásöluverslunar úr 50% í 30% viðkomandi götuhliðar. Engin ein starfsemi má fara yfir 50% nema sérvöruverslun.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 2. september 2016.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 16. september 2016